

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Alkindi 0,5 mg kyrni í hylkjum sem á að opna

Alkindi 1 mg kyrni í hylkjum sem á að opna

Alkindi 2 mg kyrni í hylkjum sem á að opna

Alkindi 5 mg kyrni í hylkjum sem á að opna

2. INNIHALDSLÝSING

Alkindi 0,5 mg kyrni í hylkjum sem á að opna

Hvert hylki inniheldur 0,5 mg af hýdrókortisóni.

Alkindi 1 mg kyrni í hylkjum sem á að opna

Hvert hylki inniheldur 1 mg af hýdrókortisóni.

Alkindi 2 mg kyrni í hylkjum sem á að opna

Hvert hylki inniheldur 2 mg af hýdrókortisóni.

Alkindi 5 mg kyrni í hylkjum sem á að opna

Hvert hylki inniheldur 5 mg af hýdrókortisóni.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Kyrni í hylkjum sem á að opna.

Kyrnið er hvítt eða beinhvítt og kemur fyrir í gegnsæju, litlausu hörðu hylki (stærð 00el).

Alkindi 0,5 mg kyrni í hylkjum sem á að opna

Hylkið er áletrað „INF-0.5“ með rauðu bleki.

Alkindi 1 mg kyrni í hylkjum sem á að opna

Hylkið er áletrað „INF-1.0“ með bláu bleki.

Alkindi 2 mg kyrni í hylkjum sem á að opna

Hylkið er áletrað „INF-2.0“ með grænu bleki.

Alkindi 5 mg kyrni í hylkjum sem á að opna

Hylkið er áletrað „INF-5.0“ með gráu bleki.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Uppbótarmeðferð við vanstarfsemi nýrnahetta hjá ungbörnum, börnum og unglingum (frá fæðingu til < 18 ára).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Skammtar

Skammtur á að vera einstaklingsbundinn, í samræmi við svörun hjá hverjum sjúklingi fyrir sig. Nota skal minnsta mögulega skammt.

Nauðsynlegt er að hafa eftirlit með klínískri svörun og fylgjast skal náið með sjúklingum hvað varðar teikn sem kunna að kalla á aðlögun skammts, þ.m.t. breytingar á klínísku ástandi vegna sjúkdómshlés eða versunar sjúkdóms, svörun hvers og eins gagnvart lyfinu og áhrifa álags (t.d. skurðaðgerð, sýkingu og áverka). Við álag getur reynst nauðsynlegt að auka skammtinn tímabundið.

Uppbótarmeðferð vegna frumkominnar og afleiddrar vanstarfsemi nýrnahetta

Alkindi er gefið sem uppbótarmeðferð með kyрни til inntöku í samræmi við klínískar venjur, í skömmtum sem títra skal samkvæmt klínískri svörun hvers og eins.

Ráðlagðir uppbótarskammtar af hýdrókortisóni eru 8-10 mg/m²/dag handa sjúklingum með vanstarfsemi nýrnahetta eingöngu og 10-15 mg/m²/dag handa sjúklingum með meðfædda nýrnahettustækkun (CAH, *congenital adrenal hyperplasia*), yfirleitt í þremur eða fjórum aðskildum skömmtum.

Handa sjúklingum þar sem framleiðsla innræns kortisóls í einhverju magni er enn til staðar getur nægt að gefa minni skammt.

Við kringumstæður þar sem líkaminn er útsettur fyrir óvenju miklu líkamlegu og/eða andlegu álagi er hugsanlegt að sjúklingar þurfi á stærri skammti að halda, einkum í eftirmiðdaginn eða á kvöldin.

Fyrir aðgerð, við alvarlegan áverka eða sjúkdóm hjá sjúklingum með þekkta vanstarfsemi nýrnahetta eða þegar talið er að birgðir innan nýrnahetta séu takmarkaðar (doubtful adrenal reserve)

Fyrir aðgerð þarf að upplýsa svæfingalækna um það ef sjúklingur tekur barkstera eða hefur áður tekið barkstera.

Við kringumstæður sem ekki teljast jafn alvarlegar og ef ekki er þörf á því að gefa hýdrókortisón í bláæð, t.d. ef um er að ræða vægar sýkingar, í meðallagi háan hita af hvaða orsökum sem er eða álagsaðstæður á borð við minnihátta skurðaðgerðir, skal gæta mikillar varúðar hvað varðar hættu á bráðri vanstarfsemi nýrnahetta og auka skal venjulegan uppbótarskammt til inntöku tímabundið; auka skal heildar dagsskammtinn af Alkindi með því að tvöfalda eða þrefalda venjulegan skammt. Þegar þessi viðbótar veikindi hafa liðið hjá geta sjúklingar fengið eðlilegan uppbótarskammt af Alkindi á ný.

Við alvarlegar kringumstæður þarf að auka skammtinn tafarlaust og skipta þarf inntöku hýdrókortisóns út fyrir meðferð í bláæð. Gefa skal hýdrókortisón í bláæð meðan á skammvinnum veikindum stendur, svo sem sýkingum, einkum maga- og garnabólgu ásamt uppköstum og/eða niðurgangi, háum hita af hvaða orsökum sem er eða miklu líkamlegu álagi, svo sem vegna alvarlegra slysa og skurðaðgerðar sem framkvæmd er með svæfingu. Þegar gefa þarf hýdrókortisón í bláæð skal meðhöndla sjúklinginn á stað þar sem endurlífgunarbúnaður er fyrir hendi ef skyndileg nýrnahettubílu (adrenal crisis) kemur upp.

Skipt úr hefðbundinni sykursterameðferð til inntöku yfir í Alkindi

Þegar skipt er úr hefðbundinni uppbótarmeðferð með hýdrókortisónlyfi muldu eða blönduðu sérstaklega til inntöku yfir í Alkindi hjá sjúklingum má gefa nákvæmlega sama heildardagsskammt. Meðferð með Alkindi jafngildir meðferð með hefðbundnum lyfjaformum með hýdrókortisóni til inntöku. Þegar skipt er úr öðrum lyfjaformum hýdrókortisóns til inntöku yfir í Alkindi getur möguleg ónákvæmni í skömmtun með öðrum lyfjaformum hýdrókortisóns til inntöku leitt til hlutfallslega minni útsetningar fyrir hýdrókortisóni með sama skammti að nafninu til og þannig valdið einkennum vanstarfsemi nýrnaheitta eða skyndilegri nýrnaheittubilun (adrenal crisis) (sjá kafla 4.4).

Skammti sleppt

Ef skammti af Alkindi er sleppt ber að gefa barninu þann skammt eins fljótt og munað er eftir honum og gefa auk þess næsta skammt á venjulegum tíma, jafnvel þótt það þýði að barnið fái tvo skammta samtímis.

Lyfjagjöf

Gefa þarf kyrnið til inntöku og ekki skal tyggja það. Ekki má gleypa hylkisskelina heldur á að opna hana varlega sem hér segir:

- Halda skal hylkinu þannig að áprentaður styrkleiki sjáist efst og banka í það til að tryggja að kyrnið sé allt í neðri helmingi hylkisins.
- Kreista skal neðsta hluta hylkisins varlega.
- Snúa á efri hlutann af hylkinu.
- Kyrninu er annað hvort hellt beint á tungu barnsins eða kyrninu er hellt á skeið og síðan sett í munn barnsins. Ef börn geta neytt mjúkrar fæðu má strá kyrninu á skeiðarfylli af mjúkri fæðu sem er köld eða við stofuhita (svo sem jógúrt eða ávaxtamauk) og gefa tafarlaust.
- Burtséð frá þeirri aðferð sem notuð er skal banka hylkið til að tryggja að allt kyrnið náist út.

Að gjöf lokinni skal tafarlaust gefa barninu drykk á borð við vatn, mjólk, brjóstamjólk eða þurrmjólk til þess að tryggja að allt kyrnið hafi verið gleypt.

Ef kyrninu er stráð á skeiðarfylli af mjúkri fæðu skal gefa það tafarlaust (innan 5 mínútna) en ekki geyma það til síðari notkunar.

Ekki má bæta kyrninu út í vökva þar sem það getur valdið því að ekki sé gefinn heill skammtur og það getur dregið úr áhrifum sem dylja bragðið þannig að beiska bragðið af hýdrókortisóni kemur fram.

Gefið ekki með magaslöngu um nef þar sem hætta er á að magaslanga um nef stíflist (sjá kafla 4.4).

Í fylgiseðli má finna nákvæmar skýringarmyndir varðandi það hvernig gefa á kyrnið.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnum sem talin eru upp í kafla 6.1.

Sjúklingar með kyngingartregðu eða fyrirburar sem ekki fá enn næringu um munn.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Skyndileg nýrnaheittubilun (adrenal crisis)

Ef barn kastar upp eða sýnir bráða vanlíðan skal hefja gjöf hýdrókortisóns í bláæð án tafar og umönnunaraðilar ættu að fá þjálfun við að gefa slíkt í neyðartilviki.

Ef meðferð með hýdrókortisóni er skyndilega hætt er hætt á því að það valdi skyndilegri nýrnahettubílu og dauða. Afleidd vanstarfsemi nýrnahetta af völdum lyfja getur stafað af því að meðferð með barksterum sé hætt of skyndilega og draga má úr líkum á slíku með því að draga smátt og smátt úr skömmtun. Þessi gerð afleiddrar vanstarfsemi kann að vara í nokkra mánuði eftir að meðferð er hætt; ef eitthvert álag á sér stað á þessu tímabili skal því hefja meðferð með barksterum á ný.

Skyndileg nýrnahettubílu (adrenal crisis) getur komið fyrir þegar skipt er yfir í Alkindi úr hefðbundnum lyfjaformum, með hýdrókortisóni til inntöku, sem hafa verið mulin eða blönduð sérstaklega. Ráðlegt er að fylgjast sérstaklega með sjúklingum í fyrstu vikunni eftir að skipt hefur verið yfir í Alkindi. Heilbrigðisstarfsmenn skulu ráðleggja umönnunaraðilum að gefa aukaskammta af Alkindi ef einkenni um vanstarfsemi nýrnahetta sjást. Sé þess þörf skal íhuga að auka heildardagskammt af Alkindi og leita tafarlaust læknaaðstoðar.

Ónæmisáðgerðir

Uppbótarmeðferðir með barksterum hjá einstaklingum með vanstarfsemi nýrnahetta valda ekki ónæmisbælingu og eru því ekki frábending hvað varðar gjöf lifandi bóluefna.

Sýkingar

Ekki ættu að vera meiri líkur á sýkingu við notkun uppbótarskammta af hýdrókortisóni en allar sýkingar ber að taka alvarlega og hefja skal skömmtun stera snemma ef álag er fyrir hendi (sjá kafla 4.2). Sjúklingar með vanstarfsemi nýrnahetta eru í hættu að fá skyndilega og lífshættulega nýrnahettubílu meðan á sýkingu stendur svo vera þarf á varðbergi gagnvart einkennum sýkinga og leita skal sérfræðiráðgjafar sem fyrst.

Aukaverkanir af uppbótarmeðferð með barksterum

Flestar aukaverkanir af barksterum tengjast skömmtum og lengd útsetningar. Minni líkur eru því á aukaverkunum þegar barksterar eru notaðir til uppbótarmeðferðar.

Barksterar geta seinkað vexti hjá ungbörnum, börnum og unglingum og slíkt getur reynst óafturkræft. Takmarka skal meðferð við minnsta nauðsynlega skammt til þess að ná fram tilætlaðri klínískri svörun og ef unnt er að minnka skammt skal minnka hann smátt og smátt. Óvenju mikil þyngdaraukning ásamt minnkuðum hæðarhraða eða öðrum einkennum eða teiknum um Cushing heilkenni gefa til kynna of mikið magn uppbótarmeðferðar með sykursterum. Nauðsynlegt er að framkvæma mat oftar en venjulega hjá ungbörnum eða ekki sjaldnar en á 3 til 4 mánaða fresti til að meta vöxt, blóðþrýsting og almenna vellíðan.

Notkun stórra skammta af sterum til uppbótarmeðferðar getur haft áhrif á beinþéttni hjá börnum. Nota skal minnsta viðeigandi skammt af sterum í samræmi við svörun hvers sjúklings.

Sjúklingar og/eða umönnunaraðilar skulu varaðir við geðrænum aukaverkum sem geta reynst alvarlegar; vart hefur orðið við sæluvímu, geðhæð og geðrof ásamt ofskynjunum og óráði hjá fullorðnum sjúklingum við uppbótarskammta af hýdrókortisóni (sjá kafla 4.8). Einkennin koma yfirleitt fram innan nokkurra daga eða vikna eftir að meðferðin er hafin. Áhættan getur verið meiri við stóra skammta/altæka útsetningu (sjá einnig kafla 4.5), en ekki er unnt að segja fyrir um upphaf, gerð, alvarleika eða lengd aukaverkana byggt á skömmtum. Flestar aukaverkanir ganga til baka eftir að skömmtun er minnkuð eða henni hætt en hugsanlega getur verið þörf á sértækri meðferð. Hvetja skal sjúklinga/umönnunaraðila til þess að leita til læknis ef vart verður geðrænna einkenna sem valda áhyggjum, einkum ef grunur leikur á um þunglyndi eða sjálfsvígshugsanir. Sjúklingar/umönnunaraðilar skulu einnig vera á varðbergi gagnvart hugsanlegum geðtruflunum sem kunna annað hvort að koma fram þegar eða strax eftir að skammtar altækra stera eru minnkaðir/skömmtun er hætt, en sjaldan hefur þó verið tilkynnt um slíkar aukaverkanir.

Mjög sjaldgæf bráðaofnæmislík viðbrögð hafa komið fram hjá sjúklingum sem fá barkstera, einkum hjá sjúklingum með sögu um lyfjaofnæmi.

Sjóntruflun

Hugsanlegt er að tilkynnt verði um sjóntruflun við notkun altækra og staðbundinna stera. Ef sjúklingur sýnir einkenni á borð við þokusýn eða aðrar sjóntruflanir ætti að íhuga að vísa sjúklingi til augnlæknis til þess að meta hugsanlegar orsakir sem gætu m.a. verið drer, gláka eða mjög sjaldgæfir sjúkdómar á borð við miðjulægan vessandi æðu- og sjónukvilla sem tilkynnt hefur verið um eftir notkun altækra og staðbundinna barkstera.

Útskilnaður kyrnis

Kyrnið getur stundum komið fram í hægðum þar sem miðja kyrnisins frásogast ekki í þörmum eftir að virka innihaldsefnið hefur verið losað. Þetta táknar ekki að lyfið hafi ekki haft verkun eða að sjúklingur ætti að taka annan skammt vegna þessa.

Næring með magaslöngu um nef

Alkindi kyrni hentar ekki til gjafar með magaslöngu um nef þar sem það kann að stífla slönguna.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Hýdrókortisón umbrotnar fyrir tilstilli sýtókróms P450 3A4 (CYP3A4). Samhliða gjöf lyfja sem eru hemlar eða örvar CYP3A4 getur því leitt til óæskilegra breytinga á þéttni Alkindi í sermi og hættu á aukaverkunum, einkum skyndilegri nýrnaheftubíun. Þörfin á aðlögun skammta við notkun slíkra lyfja getur verið fyrirsjáanleg og hafa skal náðið eftirlit með sjúklingum.

Lyf sem örva CYP3A4 og kalla hugsanlega á aukningu skammta af Alkindi eru meðal annars en ekki eingöngu eftirfarandi:

- Krampalyf: fenýtóín, karbamazepín og oxkarbazepín
- Sýklalyf: rifampicín og rifabútín
- Barbítúröt m.a. fenóbarbital og primidón
- Lyf gegn retróveirum: efavírenz og nevirapín

Lyf/efni sem hamla CYP3A4 og kalla hugsanlega á minnkun skammta af Alkindi eru meðal annars en ekki eingöngu eftirfarandi:

- Sveppalyf: ítrakónasól, pósakónasól, vorakónasól
- Sýklalyf: erytrómýcín og klaritrómýcín
- Lyf gegn retróveirum: ritonavír
- Greipaldinsafi
- Lakkrís

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Meðganga

Nota má hádrókortisón til uppbótarmeðferðar á meðgöngu. Hádrókortisón umbrotnar helst fyrir tilstilli 11βHSD2 í fylgju í óvirkt kortisón sem dregur úr útsetningu hjá föstri. Ekkert bendir til þess að uppbótarmeðferð með hádrókortisóni hjá þunguðum konum tengist skaðlegum áhrifum á föstrið.. Dýrarannsóknir hafa sýnt eiturvekanir á æxlun með barksterum (sjá kafla5.3)

Brjóstgjöf

Hýdrókortisón til uppbótarmeðferðar má nota meðan á brjóstagjöf stendur. Hýdrókortisón skilst út í brjóstamjólk. Hins vegar er ólíklegt að skammtar af hýdrókortisóni sem notaðir eru til uppbótarmeðferðar hafi klínískt marktæk áhrif á barnið.

Frjósemi

Engar upplýsingar liggja fyrir um áhrif Alkindi á frjósemi.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Alkindi hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til athafna sem krefjast færni (t.d. að hjóla á reiðhjóli) eða notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Alls fengu 30 heilbrigðir (en bældir með dexametasóni) fullorðnir karlmenn í tveimur 1. stigs rannsóknum og 24 börn með vanstarfsemi nýrnahetta í tveimur 3. stigs rannsóknum meðferð með Alkindi. Ekki varð vart við neinar aukaverkanir eða tilvik skyndilegrar nýrnahettubílnar í rannsóknunum.

Við klíniska meðferð hafa flestar aukaverkanir verið mildar og takmarkað sig sjálfar en vart hefur orðið við skyndilega nýrnahettubíln þegar skipt hefur verið úr öðrum hýdrókortisónlyfjum og því er ráðlagt að fylgjast með sjúklingum meðan skipt er um lyf (sjá kafla 4.4).

Tafla með lista yfir aukaverkanir

Í birtum vísindaskrifum hefur verið greint frá eftirfarandi aukaverkunum hjá fullorðnum sjúklingum í tengslum við önnur lyf sem innihéldu hýdrókortisón og gefin voru sem uppbótarmeðferð við vanstarfsemi nýrnahetta af tíðni sem ekki er þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum).

Tafla 1 – Aukaverkanir

MedDRA flokkun eftir líffærum	Tíðni: tíðni ekki þekkt
Geðraskanir	Geðrof ásamt ofskynjunum og óráði Geðhæð Sæluvíma
Meltingarfæri	Magabólga Ógleði
Nýru og þvægfæri	Blóðlýting vegna kalíumskorts

Lýsing á völdum aukaverkunum

Þegar sjúklingur er látinn skipta úr öðrum lyfjaformum hýdrókortisóns yfir í Alkindi getur óvissa í skömmtun sem fylgt getur öðrum lyfjaformum hýdrókortisóns til inntöku leitt til hlutfallslegs falls á útsetningu fyrir hýdrókortisóni þótt skammtastærð sé sú sama að nafninu til og þannig leitt til einkenna um vanstarfsemi nýrnahetta á borð við þreytu, óhóflegan svefn, litla fæðuneyslu eða skyndilega nýrnahettubíln (sjá kafla 4.4).

Í eldri ferilsrannsóknum hjá fullorðnum sem fengu meðferð við meðfæddri nýrnahettustækkun í barnæsku varð vart við minnkaða beinþéttni og aukna tíðni beinbrota auk vaxtarseinkunar (sjá

kafla 4.4). Ekki er ljóst hvort þetta tengist hýdrókortisónmeðferð þar sem nógildandi uppbótaráætlunum er beitt.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtnun

Mjög sjaldan hefur verið tilkynnt um bráða eitrun og/eða dauðsföll í kjölfar ofskömmtnunar af hýdrókortisóni. Ekkert mót efni er til. Meðferð er líklega ekki ráðlögð við viðbrögðum vegna langvinnrar eitrunar nema sjúklingur sé með sjúkdóm sem gerir hann óvenju næman fyrir óæskilegum áhrifum hýdrókortisóns. Í slíku tilviki skal hefja einkennamiðaða meðferð eftir þörfum.

Líffræðilegur helmingunartími hýdrókortisóns er u.þ.b. 100 mínútur.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Barksterar til altækrar notkunar, sykursterar. ATC-flokkur: H02AB09.

Verkunarháttur

Hýdrókortisón er sykursteri. Sykursterar eru nýrnahettubarksterar, bæði náttúrulegir og tilbúnir, sem frásogast auðveldlega frá meltingarvegi.

Lyfhrif

Hýdrókortisón er talið vera sá barksteri sem seytist í mestum mæli frá nýrnahettuberki. Sykursterar sem koma fyrir við eðlilegt ástand (hýdrókortisón og kortisón), sem einnig hafa saltbindandi eiginleika, eru notaðir sem uppbótar meðferð þegar um er að ræða skerta starfsemi nýrnahettubarkar (adrenocortical deficiency states). Þeir eru einnig notaðir vegna öflugra bólgueyðandi áhrifa við sjúkdómum í ýmsum líffærakerfum. Sykursterar hafa mikil og margvísleg áhrif á efnaskipti. Auk þess tempra þeir ónæmissvör líkamans gagnvart margvíslegu áreiti.

Verkun og öryggi

Börn

Lykilrannsóknin var opin rannsókn á stöku setri með stökum skömmtnum hjá 24 börnum sem voru yngri en 6 ára og þurftu uppbótar meðferð við vanstarfsemi nýrnahetta vegna meðfæddrar nýrnahettustækkunar, frumkominnar vanstarfsemi nýrnahetta eða vanstarfsemi heiladinguls. Í rannsókninni tóku þátt þrjú sjúklingahópar hver á eftir öðrum. Í fyrsta hópnum voru 12 sjúklingar á aldrinum frá 2 ára til yngri en 6 ára, í öðrum hópnum 6 sjúklingar á aldrinum frá 28 daga til yngri en 2 ára og þeim þriðja 6 nýburar frá fæðingu til yngri en 28 daga.

Af þessum 24 sjúklingum voru 23 sjúkdómsgreindir með meðfædda nýrnahettustækkun og 1 var sjúkdómsgreindur með vanstarfsemi heiladinguls, þ.m.t. vanstarfsemi í skjaldkirtli. 1 sjúklingur var með vanþroskað nýra, 1 sjúklingur með ofnæmishúðbólgu og 1 sjúklingur með nefslímubólgu. Í rannsókninni var notast við stakan skammt af Alkindi kyrni sem jafngilti þeim skammti af venjulegri sykursterameðferð sem hver sjúklingur hafði fengið morguninn áður. Þeir skammtar sem gefnir voru af Alkindi voru á bilinu 1 mg - 4 mg. Sjúklingar/umönnunaraðilar (og börnin þegar mögulegt var) mátu bragðgæði Alkindi að gjöf lokinni samkvæmt 5 liða Likert-kvarða.

Þar sem um var að ræða rannsókn á stökum skömmtum var megin mælingin á verkun magn kortisóls í sermi eftir 60 mínútur. Hjá öllum sjúklingunum 24 reyndist Alkindi hækka gildi kortisóls frá upphafsgildi eins og búist var við: miðgildi kortisóls í upphafi 14,1 nmól/l (á bilinu 14,1 – 104,5), miðgildi C_{max} 535,2 nmól/l (á bilinu 346,2 – 1445,1).

Alkindi fékk jákvæða dóma hvað varðar bragðgæði. Af þeim foreldrum/umönnunaraðilum sem spurð voru um upplifun barnsins af töku lyfsins (n=23) voru 82,6% sammála/mjög sammála því að barninu þætti auðvelt að gleypa Alkindi, 65,2% voru sammála/mjög sammála því að barnið sýndi jákvæð viðbrögð eftir gjöf Alkindi, 95,5% sögðust gjarnan vilja gefa barninu Alkindi aftur og 95,5% sögðust frekar vilja gefa barninu meðferð með Alkindi en því hýdrókortisón lyfi sem venjulega var notað. Sex af börnunum 12 í sjúklingahópi 1 (á aldursbilinu 2,6 til 4,7 ára) svöruðu aðlöguðum spurningalista um bragðgæði. ≥50% einstaklingar greindu frá því að bragð, áferð í munni og hversu auðvelt var að gleypa lyfið væri mjög gott og að líklegt væri að þeir tæku lyfið aftur. 68,8% heilbrigðra fullorðinna sjálfboðaliða lýstu bragðinu sem hlutlausu.

5.2 Lyfjahvörf

Frásög

Eftir inntöku frásogast hýdrókortisón hratt úr meltingarvegi og Alkindi 4x5 mg til inntöku hafði aðgengi sem nam u.þ.b. 87% samanborið við hýdrókortisón í bláæð hjá heilbrigðum fullorðnum karlkyns sjálfboðaliðum sem voru bældir með dexametasóni.

Samhliða gjöf Alkindi og mjúkrar fæðu (jógúrt og ávaxtamauk) hefur verið rannsökuð *in vitro* en ekki sáust marktæk áhrif á leysni.

Rannsókn *in vivo* á heilbrigðum sjálfboðaliðum sýndi engan marktækan mismun á heildarútsetningu þegar skammtur af Alkindi var gefinn eftir máltíð eða á fastandi maga.

Dreifing

90% eða meira af hýdrókortisóni í blóðrás er próteinbundið á afturkræfan hátt.

Vitað er af bindingu við tvö prótein. Annað þeirra er barkstera-bindandi glóbúlín sem er glýkóprótein, hitt er albúmín.

Umbrot

Hýdrókortisón umbrotnar í lifur og flestum líkamsvefjum yfir í vetnuð og niðurbrotin form á borð við tetrahydrókortisón og tetrahydrókortisól sem skiljast út með þvagi, aðallega sem samtengd glúkúróníð, auk óverulegs magns af óbreyttu hýdrókortisóni.

Lokahelmingunartími hýdrókortisóns er u.þ.b. 1,5 klst. eftir gjöf í bláæð og inntöku hýdrókortisón tafna og Alkindi hjá heilbrigðum fullorðnum karlkyns sjálfboðaliðum sem voru bældir með dexametasóni.

Engar rannsóknir hafa verið framkvæmdar á sjúklingum með skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Gjöf barkstera hjá ungafullum dýrum getur valdið frávikum á þroska fósturs, svo sem klofnum gómi, seinkuðum vext í móðurkviði og áhrifum á vöxt og þroska heila.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Kyrni

Örkristallaður sellúlósi
Hýprómellósi
Magnesíum sterat
Etýlsellúlósi

Hylki

Hýprómellósi

Prentblek

Skellakk
Própýlen glýkól
Óblönduð ammóníaklausn

Alkindi 0,5 mg hylki (rautt blek)

Rautt járnnoxíð (E172)
Kalíum hýdroxíð

Alkindi 1 mg hylki (blátt blek)

Indigótín (E132)

Alkindi 2 mg hylki (grænt blek)

Indigótín (E132)
Gult járnnoxíð (E172)
Títan tvíoxíð (E171)

Alkindi 5 mg hylki (grátt blek)

Títan tvíoxíð (E171)
Svart járnnoxíð (E172)
Kalíum hýdroxíð

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við

6.3 Geymsluþol

3 ár.

Eftir að pakking lyfsins hefur verið rofin: 60 dagar.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið við lægri hita en 30°C. Geymið í upprunalega glasinu til varnar gegn ljósi.

6.5 Gerð íláts og innihald

Hylkin fást í glösum úr háþéttni pólýetýlenplasti með loki úr pólýprópýleni og innbyggðu þurrkefni.

Pakkningastærð:

1 glas sem inniheldur 50 hylki

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Diurnal Europe B.V.
Van Heuven Goedhartlaan 935 A
1181LD Amstelveen
Holland
Tel. +31 (0)20 6615 072
info@diurnal.co.uk

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/17/1260/001
EU/1/17/1260/002
EU/1/17/1260/003
EU/1/17/1260/004

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 09. febrúar 2018
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis:

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR
LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG
NOTKUN**
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG
VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Delpharm Lille SAS
Parc d'Activités Roubaix-Est
22 rue de Toufflers CS 50070
Lys Lez Lannoy, 59 452
Frakkland

Wasdell Europe Limited
IDA Dundalk Science and Technology Park
Mullagharlin
Dundalk
Co. Louth, A91 DET0
Írland

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt viðkomandi lotu skal koma fram í prentuðum fylgiseðli.

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Lyfið er lyfseðilsskytt.

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

- **Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)**

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

- **Áætlun um áhættustjórnun**

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágþörmun áhættu) næst.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA MEÐ 0,5 MG HYLKJUM

1. HEITI LYFS

Alkindi 0,5 mg kyrni í hylkjum sem á að opna
hýdrókortisón

2. VIRK(T) EFNI

Hvert hylki inniheldur 0,5 mg af hýdrókortisóni.

3. HJÁLPAREFNI

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Kyrni í hylkjum sem á að opna

50 hylki

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.
Til inntöku.

**6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN
HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORD, EF MEÐ ÞARF

Ekki gleypa hylkið, vegna hættu á köfnun.

8. FYRNINGARDAGSETNING

Fyrnist

Notið hylkin innan 60 daga eftir að glasið er opnað.

Opnunardagsetning:

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið við lægri hita en 30°C. Geymið í upprunalega glasinu til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Diurnal Europe B.V., Van Heuven Goedhartlaan 935 A,
1181LD Amstelveen,
Holland

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/17/1260/001 50 hylki

13. LOTUNÚMER

Lotunr.

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

Alkindi 0,5 mg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM

MERKIMÍÐIÁ GLAS MEÐ 0,5 MG HYLKJUM

1. HEITI LYFS

Alkindi 0,5 mg kyrni í hylkjum sem á að opna
hýdrókortisón

2. VIRK(T) EFNI

Hvert hylki inniheldur 0,5 mg af hýdrókortisóni.

3. HJÁLPAREFNI

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Kyrni í hylkjum sem á að opna

50 hylki

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.
Til inntöku.

**6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN
HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORD, EF MEÐ ÞARF

Ekki gleypa hylkið, vegna hættu á köfnun.

8. FYRNINGARDAGSETNING

Fyrnist

Notið hylkin innan 60 daga eftir að glasið er opnað.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið við lægri hita en 30°C. Geymið í upprunalega glasinu til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

